

81. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 3. júní 2025, kl. 15:00 á fjarfundi.

Mættir: Jón Kort Ólafsson formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, S. Guðrún Hauksdóttir, Íris Hauksdóttir, Katrín Freysdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Ársskýrsla skólans 2024

Aðstoðarskólameistari lagði fyrir ársskýrslu skólans fyrir árið 2024 og gerði grein fyrir henni. Skýrsluna má finna á vef skólans.

2. Niðurstaða náms á vorönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum náms á vorönn 2025. Þann 23. maí útskrifuðust 52 nemendur frá skólanum og hafa þá 678 nemendur útskrifast frá upphafi. Fimmtán útskrifuðust af félags- og hugvísindabraut, tuttugu og einn af kjörnámsbraut, fjórir af listabraut-myndlistarsviði, einn af listabraut-ljósmyndasviði, fimm af náttúruvísindabraut, fjórir af stúdentsbraut að loknu starfsnámi og tveir af starfsbraut. Á vorönn skilaði skólinn 128 ársnemunum sem er heldur meira en á vor- og haustönn 2024. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 6,7. Fall í áföngum var að meðaltali 19% og brottfall 4,4% sem er tveimur prósentum lægra en á síðustu önn. Hópanýting var 97%.

3. Innritun

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir innritun fyrir næstu haustönn sem nú er að ljúka. Nú hafa verið innritaðir 225 nýir nemendur og 8 eru í vinnslu. Þetta er fyrir utan væntanlega nemendur úr 10. bekk.

4. Gjaldskrár

Skólameistari lagði til að gjaldskrá skólans yrði óbreytt. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

5. Haustfundur dagsettur

Fyrsti fundur að hausti verður 4. þriðjudag í september (23. september) kl. 15:00. Fundurinn verður staðfundur.

6. Upplýst um ráðningar

Skólameistari fór yfir ráðningar í ný störf. Auglýst var starf skrifstofu- og skólaliða þar sem skrifstofu- og skólaliði og fjármálastjóri óskuðu eftir að minnka starfshlutfall. Ein umsókn barst frá Guðlaugi Magnúsi Ingasyni sem var ráðinn í starfið. Þá var auglýst eftir kennara í 25% starf til að kenna félagsfræði. Fjórar umsóknir bárust um starfið en Baldur Sverrisson var ráðinn.

7. Erlend og innlend verkefni

Skólameistari gerði grein fyrir því að hún hefði breytt umsjón með erlendum verkefnum og sett 4 manna teymi yfir þau. Hún ræddi um verkefni sem eru framundan. Þá sagði hún frá því að hún hefði hug á að hún og einn kennari færu til Singapore á ráðstefnu til að kynna sér menntunarfræði og upplýsingatækni í Asíu. Þá hefur hún verið beðin um að koma aftur og halda erindi í Noregi í nóvember.

Ída sagði frá því að tvö Nordplus-verkefni eru að klárast. Eitt Nordplus-verkefni með Finnlandi og Eistlandi hefur verið samþykkt og búinn hefur verið til áfangi úr því fyrir nemendur. Einnig eiga kennarar kost á að fara í „job shadowing“ í tengslum við verkefnið. Þá fékk skólinn styrki frá Erasmus fyrir endurmenntun kennara, heimsókn sérfræðinga og nemendaverkefni. Ákveðið hefur verið að nemendaráð fari til Kaupmannahafnar á Erasmus-styrk til að hitta nemendur í tveimur skólum. Þá eru áform um að danskur sérfræðingur í gervigreind komi í heimsókn og haldi námskeið fyrir kennara.

Hanna Valdís formaður nemendaráðs gerði grein fyrir áformum nemendaráðs varðandi ferð næsta haust til Kaupmannahafnar til að kynna sér störf nemendaráða þar. Sagði hún frá undirbúningi og því ferli sem nemendaráðið hefur þurft að fara í gegnum.

8. Önnur mál

8.1 Félagslíf nemenda

Hanna Valdís gerði grein fyrir félagslífi nemenda í vetur. Hún telur að nemendur séu mjög nánir og tilbúnir til að vinna saman sem hópur. Nemendaráð hefur lagt áherslu á að allir geti verið með. Þemadagar hafa verið í flestum vikum og einnig hafa verið LAN-kvöld og spilakvöld. Þá hafa verið jólakvöld og árshátíð. Nemendur hafa sjálfir séð um allt sem snýr að þessu starfi. Þá hefur nemendafélagið reynt að rífa sig upp á samfélagsmiðlum. Þar hafa þau meðal annars kynnt skólann. Þá hafa nemendur tekið þátt í kynningu á skólanum fyrir grunnskólanema.

Lára lagði áherslu á samstöðu nemenda og hversu dugleg þau hafa verið og jákvæð í starfi sínu.

8.2 Viðurkenning fyrir nýsköpun í skólastarfi

Ída sagði frá því að ákveðið hefði verið að sækja um viðurkenningu frá Erasmus fyrir nýsköpun í skólastarfi. Það er gert undir formerkjum Erasmusaðildar skólans. Áherslan í þessari umsókn eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem ofin eru inn í allt skólastarf en það mun vera einstakt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:57.